

Konnasafn

Gefið af Ragnar Jónasson
miðvikudagur, 21 júlí 2010

Nú þegar menn eru á faraldsfæti gæti verið upplagt að skilja konuna eftir í Jólahúsinu fyrir innan Akureyri, gefa henni góðan, góðan tíma þar! og aka svo í hveli aðeins í áttina til Reykjavíkur (að við höldum) og leita uppi Vinnuvelasafnið eða Konnasafn ein þá er oftast kallað.

Síða safnins er : <http://www.vinnuvelasafn.is/> en meira um safnið á næstu síðu.

Um Konnasafn

Konnasafn er vinnuvelasafn staðsett á Akureyri og stofnað af Konráði Vilhjálmssyni og afkomendum hans. Það var stofnað óformlega árið 1984 þegar Konráð keypti fyrsta safngripinn sem var Borgeit (Jarðbor) í félagi við Pálma Friðriksson. Markmið safnsins er að varðveita sögu vinnuvéla á Íslandi í máli og myndum.

Í ár eru um 70 vélar á safninu og bætast sífellt fleiri við. Það er áætlað að byggja yfir safnið á Skútum í Hörgárbyggð upb. 2.400 m húsnaði og safna þar saman þeim vinnuvélum og tengdum tækjabúnaði sem annars færu forgörðum og skapað hafa sögu frammi á Íslandi.

Hver kannast ekki við gamlar ryðgaðar vinnuvélar sem umhugsunarlaust er hent í brotajárn sökum þess að þær hafa engan samastað.

Okkur hafa borist gamlar myndir þar sem sjá má vélar við vinnu þegar þær voru upp á sitt besta og viljum við óska eftir fleiri myndum og minningum tengdum vélum.

Oft eru gamlar myndir jafn merkilegar og vélarnar sjálfar. Það er hægt að senda á póstfangið vinnuvelasafn@vinnuvelasafn.is. Vélarnar eru staðsettar tímabundið í Sjafnarnesi 2 á Akureyri og er fólki velkomið að koma og skoða þær. Þegar öll tilskilin leyfi h fengist mun safnið færast út á Skúta í Hörgárbyggð.